

12. gr.

Nú verður dómari þess var, eftir að hann hefur tekið mál til endanlegrar afgreiðslu samkvæmt þessum lögum, að því sé svo áfátt, að efnisdómi megi eigi á það ljúka, hvorki samkvæmt almennri né sérstakri meðferð, eða stefnufrestur hefur verið of skammur, sbr. 7. gr. og skal hann þá vísa máli frá dómi með rökstuddri áritun á bæði frumrit stefnunnar.

13. gr.

Dómari skal byggja efnisúrlausn í málum samkvæmt þessum lögum á staðhæfingum stefnanda í stefnu um málsatvik, enda fái þær staðhæfingar samrýmst málatilbúnaði hans og fari eigi í bága við þekktar staðreyndir.

Dómari getur í efnisúrlausn sinni breytt augljósum villum í stefnu til samræmis við skjöl þau, er stefnandi byggir mál sitt á.

14. gr.

Áritun dómara á stefnu um frávisun eða aðfararhæfi hefur sama gildi og dómur í einkamálum. Áfrýjun á málum þessum frestar eigi aðför.

15. gr.

Eigi er heimilt að láta mál sæta meðferð samkvæmt þessum lögum, ef birta þarf stefnu erlendis eða í opinberu blaði.

16. gr.

Mál þessi skal ekki leggja fyrir sáttanefnd.

17. gr.

Að öðru leyti en nú hefur verið rakið skulu mál samkvæmt þessum lögum fara eftir gildandi reglum réttarfarslaga.

Gjört í Reykjavík 14. júlí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

FORSETABRÉF

um breytingar á forsetabréfi frá 11. júlí 1944 um hina íslensku fálkaorðu.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Á forsetabréfi frá 11. júlí 1944 um hina íslensku fálkaorðu eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Fyrsta grein skal hljóða þannig:

„Orðunni má sæma innlenda menn eða erlenda fyrir vel unnin störf í þágu íslensku þjóðarinnar eða á alþjóðavettvangi“.

2. Í 6. gr. skal standa „silfrudum“ í stað „silfrum“.

3. Niunda grein skal hljóða þannig:

„Stórmeistarinn undirritar útnefningarbréfið og einnig formaður orðunefndar“.

4. Í 12. skal standa „sendiráðum“ í stað „föstum sendimönnum“.

Gjört í Reykjavík, 28. júlí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

FORSETA BRÉF

um breytingar á forsetabréfi frá 31. desember 1945 um starfsháttu orðunefndar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Á forsetabréfi frá 31. desember 1945 um starfsháttu orðunefndar eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Fjórða grein er felld niður.
2. Í 5. gr. skal standa „utanríkisráðuneytis“ í stað „utanríkisráðherra“.
3. Í 8. gr. skal standa „sendiráðum“ í stað „sendisveitum“.
4. Niunda grein skal hljóða þannig:
„Frá orðuveitingum skal skýra í Stjórnartíðindum. Einnig skal senda fregnir til ríkisútvarpsins og dagblaða um orðuveitingar til íslenskra ríkisborgara“.
5. IV. kafli er felldur niður.

Greinatala fyrrnefnds forsetabréfs breytist í samræmi við framangreint.

Gjört í Reykjavík, 28. júlí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjöra kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1978.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 14. september 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.